

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b/t nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. júní 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum. (552. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur meðal annars í sér útvíkkun á ábyrgð á fjárreiðum til fjárhagslegra ábyrgðar ráðherra á ráðuneyti sínu.*

Viðskiptaráð fagnar þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér. Ráðið hefur í útgefnum skýrslum sínum gert athugasemdir við eftirfylgni með fjárlögum ríkisins og fjárlagaferlinu eins og það er uppsett og framkvæmt. Með tillögum frumvarpsins er innleidd aukin ábyrgð þeirra sem ætlað er að fylgja eftir settum fjárlögum. Annars vegar er sett á ráðherra fjárhagsleg ábyrgð á ráðuneyti sínu og fellur ábyrgð undir lög um ráðherraábyrgð, og hins vegar er gert ráð fyrir heimild til að áminna forstöðumenn eða ábyrgðaraðila stofnana eða fjárlagaliða sé farið fram úr fjárheimildum.

Gott aðhald í ríkisfjármálum hefur sjaldan verið eins mikilvægt og nú í því efnahagsástandi sem ríkir. Aukin ábyrgð ráðherra á fjármálum ráðuneyta og sú áhrif sem heimild til áminningar ætti að hafa á forstöðumenn og ábyrgðaraðila er til þess fallin að stuðla að aðhaldi í fjármálum ráðuneyta og stofnana og auka líkur á að fjárlagaliðir haldist innan fjárheimilda.

Aga virðist hafa skort um árabíl á öllum stigum fjárlagaferlisins og sést það best hversu erfiðlega gengur að halda útgjöldum innan fjárlagaheimilda, eins og réttilega er bent á í greinargerð með ofangreindu frumvarpi. Ráðuneyti og stofnanir hafa ítrekað farið fram úr lögfestum útgjaldaramma undanfarin ár án nokkurra afleiðinga eða aðgerða til aðhalds. Virðast viðbrögð við því oft vera aukning á fjárheimildum, í fjárlögum eða fjárukalögum, í stað þess að farið sé út í hagræðingu í rekstri eða forgansröðun á þjónustu.

Viðskiptaráð styður þær tillögur sem felast í frumvarpinu en um leið verður að varpa þeirri spurningu fram hvort ekki þurfi að breyta framkvæmd fjárlaga eins og Viðskiptaráð hefur áður gert athugasemd við í skýrslum sínum Útbensla hins opinbera – orsakir, afleiðingar og úrbætur og Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar. Viðskiptaráð hefur þar lagt til úrbætur á því fjárlagaferli sem er nú við líði og sett fram gagnrýni á framkvæmd fjárlaga og hversu óskilvirkt það kerfi. Einnig hafa ríkisstofnanir sætt ítrekaðri gagnrýni af hálfu Ríkisendurskoðunar á því hvernig eftirfylgni með fjárlögum er háttáð og því að stofnanir halda sig ekki innan þess ramma sem þeim eru settir.

Margítrekaðar athugasemdir Ríkisendurskoðunar á útgjöldum stofnana og ráðuneyta umfram fjárlög hafa verið hunsaðar í stað þess að taka mið af þeim og stuðla að hagræðingu og niðurskurðir. Í umfjöllun sinni um framkvæmd fjárlaga ársins 2006 kom meðal annars fram í máli Ríkisendurskoðunar:


*Þegar öllu er á botninn hvolft felst vandamálið í agaleysi allra aðila, bæði forstöðumanna sem hlut eiga að máli og stjórnenda þeirra ráðuneyta sem forstöðumennirnir heyra undir. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að*

*máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum. Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf.*

Eins og fyrr sagði er framlagt frumvarp skref í rétta átt. Þessu skrefi þarf hins vegar að fylgja eftir með framkvæmdarhlið málsins þar sem ráðherraábyrgð verður gerð raunveruleg og farið verður út í endurskoðun á fjárlagaferlinu.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en að hafin verður vinna á endurskoðun á fjárlagaferlinu.**

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands